

**Starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.**

**I. KAFLI**

**Rekstrar- og aksturskostnaður.**

**1. gr.**

Skrifstofukostnaður vegna starfa sóknarpresta og presta greiðist sem hér greinir.  
Þar sem íbúar eru:

- a. 3.500 eða fleiri, greiðast kr. 306.072 á ári.
- b. 1.500-3.500, greiðast kr. 327.941 á ári.
- c . 1.500 eða færri, greiðast kr. 357.091 á ári.

▫Auk þess greiðast vegna síma-, pósts- og fatakostnaðar kr. 39.087 á ári.

Þessar fjárhæðir skulu sundurliðaðar og jafnað niður í mánaðarlegar greiðslur.

Héraðsprestar og sérþjónustuprestar fá greitt samkvæmt a-lið.

**2. gr.**

Til árlegs starfskostnaðar vegna prófastsstarfa greiðast til viðbótar starfskostnaði samkvæmt 1. gr. kr. 260.604.

**3. gr.**

Starfskostnaður vegna prests- og prófastsstarfa greiðist að hálfu vegna aukaþjónustu og veikindaleyfa en ekki koma til sérstakar greiðslur vegna sumarafleysinga.

**4. gr.**

Greiðslur vegna 1. og 2. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar.

Biskup Íslands getur falið próföstum að staðfesta akstursbækur presta.

**II. KAFLI**

**Annar rekstrarkostnaður.**

**5. gr.**

Leggja skal prestum til hempu og kraga samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands.

**6. gr.**

Greiða skal hæfilegan kostnað vegna flutnings búslóðar milli landshluta, allt að kr. 250.000 eftir framlögðum, fullnægjandi gögnum.

7. gr.

Ferðakostnaður presta á prestastefnu og vegna starfa í fastanefndum kirkjunnar er til viðbótar öðrum greiðslum í starfsreglum þessum.

8. gr.

Fjárhæðir í starfsreglum þessum skulu breytast í samræmi við ákvarðanir kirkjuþings fyrir hvert fjárlagaár kirkjunnar.

**III. KAFLI**  
**Gildistaka.**

9. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 316/2020, með síðari breytingum.

*Reykjavík, 8. desember 2021.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.